



ÓLGA, kynjaslangan

söguþráður og lesskilningsspurningar

Áður fyrr I

bls. 7

Einhver hefur komið grimmu dýri fyrir í gamalli kartöflugeymslu. Fyrst var það bara lítill ormur en dýrið stækkaði og varð sífellt meira ógnandi. Eigandi ormsins notar púkablístru til að stjórna óargardýrinu.

Ósætti

bls. 9

Hrafnklukka heldur því fram að Kormákur, konungur álfheima sé á lífi. Sýlvía er ósátt við þá tilgátu. Þær Hrafnklukka rífast og talast ekki við í skólanum.

Til minnis: Sesselía Hróbjartsdóttir var einsetukona og niðursetningur sem kunni ýmislegt fyrir sér í galdrakukli. Hún gekk aftur sem Sessa Hólaskotta. Svandís og vinir hennar hjálpuðu henni að öðlast frið og Sessa gaf Svandísi lyfjabox að launum.

Spurningar:

- Hver voru skilaboð mömmu Svandísar til hennar og hver færði henni þau?
- Hvað þýðir að útrétta?
- Af hverju er Lára að kynna sér íslenska grasafræði og lækningajurtir?
- Hvað heldur Hrafnklukka að sé í gangi í álfheimum?

Svör:

- Mamma Svandísar bað hana um að vinna á kaffihúsinu eftir skóla og það var Jón ritari sem færði Svandísi skilaboðin.
- Að útrétta þýðir að sinna erindum. Foreldrar Svandísar þurftu í bæinn til að útrétta þ.e. að kaupa það sem vantar til heimilisins og jafnvel sinna fleiri erindum.
- Svandís og Lára eru að skoða og velta fyrir sér innihaldi í krukunum og lyfjaglösunum úr gamla álboxinu sem Sessa gaf Svandísi.
- Hrafnklukka heldur að huldufólk ætli í stríð við skuggafólkið.

Svandís opnar lyfjaboxið frá Sessu Hólaskottu. Hún og Lára vinkona hennar skoða innihaldið í sameiningu og reyna að skilja hvað stendur á minnisblaði sem fylgir. Tvær krukur eru ólíkar hinum og merktar með rauðum krossum.

Til minnis: Á minnisblaðinu stendur um innihald í krukku númer 29 að bæði geti það lífgað það sem er dautt eða dauðvona, lengt líf og grætt sár fljótar og betur en nokkuð annað. Lýsing á innihaldi í krukku númer 30 segir að fæli burt afturgöngur og drauga. Það varni sóttum og geti fælt orma.

Spurningar:

- a. Hvert er númer lyfjaglassins sem varnar því að einhverjir segi eitthvað leiðinlegt við mann. Það á einnig að koma í veg fyrir að konur spilli hjónaböndum sínum?
- b. Hvaða orð á latínu standa á krukku númer 29?
- c. Innihald hvaða krukku getur nýst sem draugafæla?

Svör:

- a. Glas númer 23.
- b. Lapis revivescens og síðan cavete.
- c. Innihald krukku númer 30.

Áður fyrr II

Eigandi ormsins segir frá því hvernig hann komst yfir galdraseyði. Gömul kona sem kölluð var nornin kunnir uppskriftina og viðkomandi fékk vinnu hjá gömlu konunni í skiptum fyrir galdraseyðið.

Sláturgerð

Fjölskyldan tekur þátt í sláturgerð heima hjá ömmu og afa. Svandís hjálpar til við að sauma vambir og útbúa úr þeim keppi. Seinna um daginn nær hún spjalli við ömmu og spyr hana út í orðið „skrugga” sem er að finna á leiðbeiningablaðinu frá Sessu. Setningin, þar sem jörðin veltist og skrugga fellur, segir amma að tengist lífsteinum.

Til minnis: Lífsteinar eru litlir og rauðir á lit. Sagan segir að þeir sem eigi lífstein geti lengt líf sitt eða annarra og jafnvel lífgað við það sem dáið er. Lífsteinar finnast þar sem jörð veltist og skrugga fellur.

Spurningar:

- a. Hverjum þótti blóðpönnukökur góðar í gamla daga?
- b. Hvað er skrugga?
- c. Við hverju varar amma Svandísi og af hverju?

Svör:

- a. Ömmu Svandísar.
- b. Skrugga merkir þruma eða þrumuveður. Þórduna er líka annað orð yfir þrumu.
- c. Amma varar Svandísi við að skipta sér af yfirvofandi stríði álfa og skuggafólks. Það sé of hættulegt og afskipti af stríði geti verið lífshættuleg.

Fyrr og á allt öðrum stað

bls. 29

Sagt er frá afa sem fer með barnabörnunum sínum tveimur út í fjós að gefa kúnum. Hann fær sýn um önnur börn sem eru hrædd og æpa til hans. Hann heldur að þetta sé minning úr öðru lífi.

Vinasættir

bls. 30

Ragnar skólastjóri biður Svandísi að koma og ræða við sig eftir kennslustundina. Hann hefur áhyggjur af ósætti innan vínahópsins hennar. Svandís tekur af skarið og býður vinum sínum að koma á kaffihúsið til að ræða saman og ná sáttum.

Til minnis: Sylvíu líkar ekki við Þráin og segist ekki geta átt hann sem vin þar sem hann er skuggi.

Spurningar:

- a. Á hvaða hátt finnst Svandísi að Sylvía hafi breyst?
- b. Hvað segir Ragnar sem fær Svandísi til að horfa öðrum augum á Sylvíu?
- c. Hvernig gengur vínahópnum að sættast?

Svör:

- a. Svandísi finnst Sýlvía virðast góð með sig og ekki vilja vera með í vlnahópnum.
- b. Ragnar segir Svandísi að álfar standi frammi fyrir mikilli ógn þar sem stríð sé við það að brjótask úr við skuggafólkið. Álfar séu skelfingu lostnir og til að halda andlitinu gagnvart vlnum sínum setji Sýlvía upp grímu. Hún geti stjórnað því að vera reið og fúl en ekki stjórnað því sem er í uppsiglingu í álfheimum.
- c. Hrafnkluþka og Sýlvía ná sáttum en Sýlvía er ekki enn sátt við Þráin. Hún ætlar samt að reyna sitt besta að hugsa ekki um hann sem skugga heldur sem vln.

Bréfið

bls. 35

Svandís opnar bréfið sem var komið í skólatöskuna hennar fyrir um daginn. Það er nafnlaust en sá sem skrifar það biður Svandísi um hjálp við að koma skilaboðum til áflheima um yfirvofandi hættu. Hún er beðin um að setja skólatöskuna sína ofan á kennsluborðið til merkis um að hún sé tilbúin til að hjálpa.

Til minnis: Ragnar skólastjóri er huldumaður úr álfheimum sem býr í mannheimum.

Spurningar:

- a. Hver heldur Svandís að hafi sent bréfið?
- b. Í hvaða spor eiga Svandís og Lára erfitt með að setja sig og af hverju?
- c. Hvernig hljóð ætlar Svandís að vinna með í nýja laginu sínu?

Svör:

- a. Svandís heldur að einhver nemandi á unglíngastigi hafi sent bréfið.
- b. Svandís og Lára eiga erfitt með að setja sig í spor þeirra sem eiga í stríði. Þar sem börn eru alin upp við hatur gagnvart ákveðnum þjóðfloþki eða hópi fólks.
- c. Svandísi datt í hug að vinna með vatnshljóð í nýja laginu. Hún er búin að taka upp lækjarhljóð, árnið, hljóð í öldum og vatnsdropum að leka úr krana.

Fýrr og á allt öðrum stað II

bls. 39

Afi leiðir barnabörnin að kóralrífjum þar þau færa smiðunum morgunhressingu. Hann veit að hann tilheyrir ekki þessum hópi og kemur úr öðru samfélagi en hann á engar minningar frá þeim tíma. Sýnin kemur aftur og er nú mun skýrari. Hann sér fólk hlaupa til og frá og börnin tvö sem kalla hann afa biðja um hjálp.

Svandís fær annað bréf frá nafnlausum sem segir henni frá vatnaskrímsli sem er grimmt kynjaslanga og lifir í vatninu. Dóttir nafnlauss er meðal þeirra sem stjórna skepnunni og kemur til með að nýta sér það í stríðinu við huldufólkið. Svandís ákveður að segja vinahópnum frá bréfunum. Draumur sem Svandísi dreymir verður til þess að hún finnur galdrabók.

Til minnis: Út á spássíuna í galdrabókinni eru skrifuð sömu orð á latínu og eru á leiðbeiningablaðinu sem fylgir lyfjaboxinu. Í bókinni er að finna uppskrift að galdraseyði sem getur breytt lyngormi í vatnaskrímsli en líka spillt álögumum og breytt vatnaskrímslinu aftur í lyngorm.

Spurningar:

- Hvað ætla krakkarnir að gera varðandi bréfin sem Svandís fékk?
- Hvað ákveður Svandís að gera varðandi galdrabókina?
- Hvaða þrjá hluti þarf að hafa til að ala upp vatnaskrímsli?

Svör:

- Krakkarnir ákveða að aðhafast ekkert að svo stöddu varðandi bréfin. Þau ætla að bíða en reyna öll að afla sér upplýsinga um vatnaskrímsli.
- Svandís fer með galdrabókina til ömmu og biður hana um að segja sér hvað latínan þýðir.
- Þjóðsagan segir að til að ala upp vatnaskrímsli þurfi ákveðið galdraseyði, lifandi lyngorm og gull.

Fyrr og á allt öðrum stað III

Afi fer með fjölskyldunni á fund í þorpinu. Þar er sagt frá því að vatnaskrímsli hafi náð einni kúnni. Ákveðið er að vakta skrímslið og fyrsta nóttin fellur í umsjón Rækils, Jónmars og afa.

Púkablístran

Ákveðið hefur verið að setja upp leikrit í skólanum með nemendum unglíngastigsins. Jón ritari verður leikstjórinn og leikritið fjallar um Sæmund fróða og púkablístruna.

Til minnis: Eftir fræðslu frá Samtökunum '78 hefur Hrafnklukka opnað á umræðuna í vinahópnum um að hún sé hinsegin. Hún er í mikilli sjálfsleit og Svandís er stolt af frænku sinni.

Spurningar:

- a. Hvað fundu krakkarnir út varðandi vatnaskrímslið?
- b. Hvaða náttúru hafði púkablístra Sæmundar fróða?
- c. Hvað langar Brján varðandi hlutverk hans og Svandísar í leikritinu?

Svör:

- a. Krakkarnir komust að því að vatnaskrímsli éta heil ósköp. Mestmegnis kjöt og fisk en geta líka gleypst fólk. Sögusagnir eru um að vatnaskrímsli hafi tekið sér búsetu í vatninu fyrir ofan bæ Svandísar.
- b. Þegar blásið var í púkablístruna komu einn eða fleiri púkar til þess sem í hana blés og spurðu hvað þeir ættu að gera.
- c. Brján langar til að hann og Svandís fái að leika þar í leikritinu.

Áður fyrr III

bls. 52

Eigandi ormsins segir nú frá því hvernig hann komst yfir galdrabók sem hann stal af norninni.

Vatnaskrímsli

bls. 54

Fjölskyldan borðar saman í laugardagshádegi hjá ömmu og afa og amma segir systkinunum þjóðsöguna af stúlkunni sem elur kynjaslöngu upp af lyngormi. Á eftir ná amma og Svandís að spjalla saman. Svandís segir ömmu frá kynjaslöngunni í vatninu.

Til minnis: Til að létta álögnum af kynjaslöngunni þarf að lokka hana að landi þegar tungl er 19 náttu og sól lægst á lofti, koma galdraseyðinu upp í hana ásamt lífsteininum og fara um leið með galdrapuluna. Mikilvægt er að ná orminum smáa ofan í box eftir að álögnum hefur verið létt og loka því kyrfilega.

Spurningar:

- a. Hvað merkja orðin yrmlingur og traföskjur?
- b. Hvað heitir kynjaslangan?
- c. Hvar og hvenær er hægt að finna lífsteina?
- d. Hvað gefur amma Svandísi og í hvaða tilgangi?

Svör:

- a. Yrmlingur er smáormur og traföskjur eru einhvers konar kistlar eða körfur sem búnar voru til úr efni.
- b. Kynjaslangan heitir Hamur.
- c. Lífsteinar finnast á háfjöllum þegar jarðskjálfti og þrumuveður verða á sama tíma.
- d. Amma gefur Svandísi finlegan silfurhring með dökkrauðum steini og hálsmen í stíl. Agatsteinarnir í skartinu eiga að vernda hana frá eitri kynjaslöngunnar.

Nafnlaus

bls. 60

Búið er að raða í hlutverkin í leikritinu. Þráinn og Sýlvía eru í aðalhlutverkum og leika hjón. Þau eru ósátt við að leika á móti hvort öðru. Svandís finnur út hver hinn nafnlaus er.

Spurningar:

- a. Hvaða ástæðu segir Sýlvía vera fyrir því að hún þoli ekki Þráin?
- b. Hver er hinn nafnlaus?

Svör:

- a. Sýlvía segir að það sé nóg að Þráinn sé skuggi og það segi allt sem segja þarf.
- b. Hinn nafnlaus er Jón ritari.

Áður fyrr IV

bls. 64

Loksins er galdraseyðið tilbúið og eigandi ormsins lýsir því hvernig ormurinn stækkaði og breyttist í kynjaslöngu.

Hamur

bls. 66

Jón samþykkir að ganga með krökkunum upp að vatninu í von um að sjá vatnaskrímslið. Jón er vanur fjallgöngumaður og á leiðinni býður hann krökkunum upp á harðfisk og smjör. Hann segir þeim frá því að hann hafi verið giftur konu sem sé skuggi. Nadía, dóttir þeirra er sú sem hefur alið kynjaslönguna og stjórnar henni með púkablístru sem er frá Sæmundi fróða.

Spurningar:

- a. Hvað varð um Nadíu eftir að pabbi hennar og mamma skildu?
- b. Hvað kemur Jón með til að lokka kynjaslönguna upp úr vatninu?
- c. Verða þau vör við kynjaslönguna?

Svör:

- a. Nadía flutti með mömmu sinni til skuggaheima.
- b. Jón kemur með kjöt og fisk og fleygir út í vatnið til að lokka skrímslið upp á yfirborðið.
- c. Já, þau verða vör við kynjaslönguna en sjá hana ekki koma upp úr vatninu.

Fyrr og á allt öðrum stað IV

bls. 72

Afi fer með Jónmari og Rækli að kóralrifjunum til að standa fyrstu næturvaktina. Afi vonast til að geta náð spjalli við Rækil til að spyrja hann betur út í minningabrotin sem nú streyma til hans.

Nadía

bls. 73

Sylvía og Þráinn eiga erfitt með að leika hvort á móti öðru og Svandís heyrir þau rífast í anddyri skólans. Nýtt bréf er komið í skólatösku Svandísar frá Jóni og þegar hún hefur lesið það fer hún upp að vatni. Þar hittir hún Brján og saman verða þau vitni að því þegar Nadía gefur kynjaslöngunni að éta. Í bréfinu staðfestir Jón að Kormákur sé á lífi og Brjann og Svandís ákveða að bjarga honum.

Til minnis: Nadía stjórnar kynjaslöngunni með þúkablístrunni.

Spurningar:

- a. Hvað gerir Svandís í leikritinu?
- b. Hvernig eru búningarnir sem Svandís og Hrafnklučka verða í?
- c. Hvernig lítur kynjaslangan Hamur út?

Svör:

- a. Svandís fer með frekar stórt hlutverk í sýningunni. Hún leikur vinnukonuna sem segir sögurnar af Sæmundi fróða. Síðan syngur hún einsöng og spilar upphafslagið á þverflautu.
- b. Svandís verður í gamaldags ullarfötum, með svuntu og skuplu á höfðinu. Hrafnklučka leikur kölska og verður í þröngum, rauðum samfestingi, með horn og hala og heldur á gullnum þríforki.
- c. Hamur er gríðarstór með rauðgráan haus sem er nánast ekkert annað en stór kjaftur á glansandi risakúlu. Augun eru eins og tveir svartir blettir og í kjaftinum eru beittar tennur. Risatungan er svört og klofin eins og á eiturslöngu. Eftir endilöngum hryggnum standa hvassir gaddar.

Nadía var tíu ára þegar hún eignaðist Ham en um sama leyti skildu foreldrar hennar og hún flutti með mömmu sinni til skuggaheima. Áður kom hún Hami fyrir í vatninu.

Ólga**bls. 81**

Sylvía og Þráinn kyssast í lok leikritisins og Svandís heldur að það sé eitthvað á milli þeirra. Hrafnklučka er að velta fyrir sér kynhneigð sinni og opnar á umræðuna í vinahópnum.

Spurningar:

- Hvernig leið Svandísi þegar hún sá Þráin og Sylvíu kyssast?
- Hvað samþykkir vinahópurinn eftir að Hrafnklučka og Fjóla eru búnar að opna á tilfinningar sínar.
- Hvers konar lag er Svandís að semja og hvað nefnist það?

Svör:

- Svandís varð hissa að sjá Þráin og Sylvíu kyssast en líka þínulítið afbrýðisöm.
- Vinahópurinn samþykkir að vera alltaf til staðar hvert fyrir annað og að í hópnum ríki traust. Þau vilja geta sagt hvort öðru allt og verið til staðar hvert fyrir annað.
- Lagið er tónverk sem er innblásið af sjónarspilinu við vatnið þegar kynjaslangan reis upp úr vatninu. Tónverkið nefnist Ólga.

Heimur versnandi fer**bls. 85**

Lára kemur með þá hugmynd að vera um jólin hjá Svandísi og fjölskyldu hennar. Vinkonurnar hafa verið í miklum þælingum með galdraseyðið og eru einnig að reyna að finna galdrapuluna um orminn. Ástandið hefur versnað í álfheimum og stríð að brjótast út.

Til minnis: Það þarf galdraseyði, galdrapuluna og lífstein til að breyta kynjaslöngunni aftur í lyngorm.

Spurningar:

- Af hverju langar Láru ekki að vera á Tenerife um jól og áramót?
- Hver er horfinn?
- Hvar heldur Hrafnklučka að Jón og Kormákur séu og hvern telur hún að sé með þá í haldi?

Svör:

- a. Lára segir að það verði eingöngu foreldrar hennar og fullt af gömlu fólki á Tenerife og hana langar ekkert til að fara með.
- b. Hrafnklukka segir Svandísi að Jón ritari sé horfinn.
- c. Hrafnklukka heldur að Nadía sé bæði með Jón og Kormák í haldi.

Áður fyrr VI

bls. 90

Nadía segir af lífi sínu sem barn í skuggaheimi. Hún var ekki samþykkt inn í samfélagið og eignaðist enga vini. Til að byrja með var Rúna kennari ljósið í tilveru hennar. Um leið og hún varð 18 ára stakk hún af úr samfélaginu.

Hvarf Jóns

bls. 91

Síðustu dagarnir fyrir jól voru undarlegir í skólanum. Brjann, Sýlvía og Hrafnklukka voru farin til álfheima og enginn vissi hvar Jón ritari væri. Lára kemur til Svandísar í jólafríinu og þær taka til við að grúska meira í lyfjaboxinu. Lára nær að finna fyrri hlutann af galdrapulunni. Svandís finnur síðasta bréfið frá Jóni áður en hann hvarf og þar segist hann vera á leiðinni inn í íshellinn.

Til minnis: Á jólum, áramótum og á sumarsólstöðum opnast gáttirnar á milli heimanna. Þá geta menn farið inn í álfheima.

Spurningar:

- a. Hvaða hefðir eru hjá Svandísi og fjölskyldu hennar á Þorláksmessu?
- b. Hvað ákveða Lára og Svandís að gera á jóladag.

Svör:

- a. Á Þorláksmessu skreytir fjölskylda Svandísar jólatréð. Um kvöldið fá þau að smakka á heitu hangikjöti og laufabrauði.
- b. Á jóladag, þegar gáttirnar opnast á milli heimanna, ætla Lára og Svandís að fara upp í íshellinn.

Fyrr og á allt öðrum stað V

bls. 96

Rækili og afi ná að spjalla saman um nóttina þegar þeir vakta vatnaskrímslið. Afi segir Rækli frá minningunum sem nú streyma til hans og Rækili segir afa að þau haldi að hann sé konungur álfanna.

Hættuför

bls. 98

Á jóladag leggja Lára og Svandís af stað í hættuför upp í íshellinn. Þær sjá Ham koma upp úr vatninu og liggja í felum svo Nadía komi ekki auga á þær. Til að finna innganginn að íshellinum styðjast þær við kort frá Jóni ritara sem hann hripaði aftan á síðasta bréfið.

Spurningar:

- a. Hver vildi fara með Láru og Svandísi og af hverju var það ekki ráðlegt?
- b. Hvernig komast Lára og Svandís inn í íshellinn?

Svör:

- a. Þráinn vildi fara með stelpunum en hann er skuggi. Bæði sjá skuggar ekki mannfolk í myrkri en þeir myndu sjá Þráin og síðan geta Lára og Svandís sungist á þar sem skuggarnir heyra ekki söng.
- b. Þær fara í gegnum klett sem verður eins og gufa þegar þær koma við hann.

Áður fyrr VII

bls. 102

Nadía hefur safnað saman skuggum í andspyrnuhreyfingu og hópurinn ætlar að reyna að stöðva kúgun og ofbeldi Skugga.

Fyrr og á allt öðrum stað VI

bls. 103

Kynjaslangan spúir eitri yfir Rækil sem missir meðvitund en Bára nýtir lækningarmátt sinn og kemur honum aftur til heilsu. Rækili segir afa að það sé komið að kveðjustund. Kóralrifin hafi hvíslað því að honum að nú sé rétti tíminn fyrir hann að halda til baka í álfheima.

Andspyrna

bls. 105

Lára og Svandís eru komnar inn í íshellinn þar sem þær fela sig fyrir andspyrnuhópi Nadíu. Þær sjá hvar Kormáki og Jóni er haldið fönnum og Svandís laumar sér inn í klefann til þeirra. Kormákur segir Svandísi frá marmennlunum og hvernig þeir björguðu lífi hans.

Til minnis: Til að lifa í sjónum með marmennlunum var öndunarblaðra grædd á ennið á Kormáki.

Spurningar:

- a. Hvernig lítur Nadía út?
- b. Hvað eru marmennlar og í hvernig samfélagi búa þeir?

Svör:

- a. Nadía er frekar lágvaxin og grönn. Hún er með svart, stutt hár og á hálsi og hnakka er hún með flúraðan haus af slöngu. Hún klæðist þröngu, svörtu leðurdressi.
- b. Marmennlar eru haffólk sem lifir í sjónum og vinnur við að rækta kóralrif og þeir halda einnig sækýr.

Lífsbjörg

bls. 110

Svandísi og Láru tekst að koma Kormáki og Jóni út úr íshellinum og yfir í álfheima. Nadía og hópur hennar eltir þau og Hamur spúir eitri yfir Jón sem missir meðvitund og lamast. Kormáki er afar vel tekið í álfheimum og Jón rankar við sér eftir að Lára smyr á hann galdrasmyrslinu úr krukku númer 29.

Til minnis: Afleiðingar eitrunar kynjaslöngunnar geta verið doði, lömum og hugsanlegur dauði.

Spurningar:

- a. Hvernig kemst hópurinn frá íshellinum og yfir í álfheima?
- b. Hvernig bregst Drífa við þegar hún áttar sig á því að Kormákur er á lífi?

Svör:

- a. Þau fara í gegnum þröng göng sem Kormákur þekkir frá fyrri tíð. Þar renna þau áfram eins og í rennibraut yfir í álfheima.
- b. Drífa æðir að Kormáki eins og tröllkona í ham, löðrungar hann og æpir. En að lokum lyppast hún grátandi í fang hans.

Haldin er jólaveisla í álfheimum sem er engri annarri lík. Huldufólkið flykkist að til að halda upp á endurheimt Kormáks álfakonungs sem það hélt að hefði dáið fyrir meira en tíu árum. Svandís og Lára hjálpa Jóni til baka til mannheima og á leiðinni hitta þau Nadíu. Þau fara síðan til Rúnu og Þráins sem hafa búið um þau og sofa þar fram á næsta dag.

Spurningar:

- a. Hvað er það sem Drífa biður Svandísi afsökunar á og af hverju?
- b. Hver læknar Jón og hvaða hlutverki gegnir sú persóna í álfheimum?

Svör:

- a. Drífu þykir leiðinlegt hversu reið hún var við hana síðasta sumar, Svandís hafi ekki átt það skilið og hún biður hana að fyrirgefa sér.
- b. Huldun er æðsti trúarleiðtogi álfheima og hún er einnig gædd miklum lækningamætti. Hún sat hjá Jóni og hlúði að honum.

Galdrabúlan

Eftir að Lára og Svandís hafa snætt morgunverð hjá Rúnu og Þráni segja þær ömmu og mömmu frá ævintýrum næturinnar. Amma er búin að finna réttu galdrabúluna og lætur stelpurnar hafa hana bæði á íslensku og latínu. Stelpunum finnst hún svolítið fyndin og Svandís prófar að rappa textann sem Láru finnst koma vel út.

Spurningar:

- a. Hvar ætlar Jón að vera á meðan hann jafnar sig og hver býður honum það?
- b. Hvaða spil er eingöngu spilað um jól og áramót í fjölskyldu Svandísar?

Svör:

- a. Rúna býður Jóni að vera hjá þeim Þráni einhverja daga á meðan hann jafnar sig.
- b. Það er spilið púkk. Þá er spilað upp á eldspýtur.

Stríð

Það er komið vor og skólanum fer senn að ljúka. Svandís og bekkjarfélagar hennar fara í skólaferðalag og það er stutt í útskrift þeirra úr grunnskóla. Þráinn og Sylvía eru nú opinbert kærustupar og Svandís og Brjann eru líka við það að verða par. Í rúttunni á leiðinni heim úr

skólaferðalaginu dreymir Svandísi að Drífa komi til sín. Hún segir henni að nú sé að stytast í að hún finni lífsteininn. Þegar þau koma heim úr ferðalaginu dynja yfir þau fréttirnar úr álfheimum. Stríðið er skolið á milli álfheima og skuggaheima.

Til minnis: Það þarf að vera jarðskjálfti og þrumuveður á sama tíma svo að lífsteinninn finnist.

Spurningar:

- a. Af hverju gæti það orðið svaka hneyksli í álfheimum að Sýlvía og Þráinn séu þar?
- b. Hvað er það sem einkennir Ragnar í útliti og hvað finnst Svandísi um hann?

Svör:

- a. Sýlvía er álfur og erfingi krúnunnar og Þráinn er skuggi og því í hópi erkióvinanna. Hann er einnig sonur Skugga sem gerir stöðuna enn verri.
- b. Ragnar er huldumaður og það sem einkennir hann er óvenjulega samsettur og litríkur fatasmekkur. Svandísi finnst hann alltaf töff og finnst fara honum vel að klæða sig á þennan hátt.

Lífsteinninn

bls. 129

Á sunnudegi fer jörð að nötra og stór jarðskjálfti skekur norðurland. Í veðurfréttunum er talað um líkur á hagléli, skruggum og skúradembum. Svandís og Hrafnklukka fara af stað til að leita að lífsteini sem þær finna að lokum umvafinn neonbláu ljósi.

Til minnis: lífsteinninn nefnist á latínu, lapis revivescens.

Spurningar:

- a. Af hverju stendur hárið á stelpunum út í loftið og hvað merkir það?
- b. Hvaða fréttir bera Brjánn og Sýlvía stelpunum þegar þær koma til baka.

Svör:

- a. Hárið á stelpunum stendur út í loftið því þær eru staddar í mjög rafmögnuðu lofti sem getur verið hættusvæði. Það heyrir suð og bláleitar ljósörvar skjótast með drunum í gegnum þunna þokuslæðuna beint fyrir framan þær.

- b. Þegar Svandís og Hrafnklukka koma til baka bíða Sýlvía og Brjann eftir þeim með þær fréttir að Skuggi hafi náð Nádú og haldi henni fanginni í skuggaheimum. Hann er með þúkablístruna og getur því stýrt Hami.

Svarti kastalinn

bls. 133

Lára og Svandís ætla að freista þess að bjarga Nádú frá Skugga og halda því inn í skuggaheima. Þær fara inn í svarta kastalann hans Skugga og ná að frelsa Nádú áður en Skuggi verður þess var. Þeim er veitt eftirför af skuggunum sem reyna að ná strokufanganum og frelsurunum.

Spurningar:

- a. Hvernig er umhorfs í skuggaheimum?
- b. Hvaða dýr vakta svarta kastalann?

Svör:

- a. Í skuggaheimum er húsbýrping allsendis ólík þeim húsum sem er að finna í álfheimum. Skökk og skæld húsin eru alveg hvít og raðast upp í hallandi húsafrúgu. Efst í húsbýrpingunni trónir svarti kastalinn hans Skugga.
- b. Tveir fálkar vakta kastalann.

Umsnúningur

bls. 138

Lára og Svandís eru nú staddar í hópi andspyrnuhreyfingar Nádú sem náði að bjarga þeim og foringja sínum frá skuggunum. Svandís og Lára gera sitt besta til að sannfæra Nádú og hópinn um að breyta Hami aftur í lyngorm. Um nóttina gista þær í íshellinum með andspyrnufólkinu.

Spurningar:

- a. Hvernig tekst Láru og Svandísi að telja Nádú á að breyta Hami aftur í lyngorm?
- b. Hvenær ætlar hópurinn af stað til að finna Ham og freista þess að breyta honum?

Svör:

- a. Með galdraseyðinu græðir Lára sárin á hönd og höfði Svandísar eftir fálka Skugga. Þær sýna Nádú einnig lífsteininn og segja henni frá galdrapulunni. Nádú sannfærist að lokum um að betra sé að losa heiminn við Ham heldur en að Skuggi haldi áfram að stjórna honum.

- b. Núna strax, Nadía segir að það sé ekki eftir neinu að bíða.

Bægslagangur

bls. 142

Nadía lokkar Ham upp úr vatninu sem ýlir hátt til móts við matmóður sína. En Skuggi verður var við þau og mætir með liðsmenn með sér. Í för með honum er sæúlfur sem hnusar út í loftið í leit að krökkunum. Skuggi nær Nadíu en krakkarnir halda áfram áformunum um að breyta Hami aftur í lyngorm. Svandís nær að kasta lífsteininum og galdraseyðinu upp í Ham og þær Lára fara með galdrapuluna í leiðinni. Skuggi reynir að stýra Hami með púkablístrunni en Hamur slæðir í hann tönnunum og gleypir hann áður en álögunum léttir og kynjaslangan breytist aftur í lyngorm. Óvænt hjálp berst frá marmennlunum sem kyrja galdrapuluna.

Spurningar:

- a. Af hverju ákveða stelpurnar að reyna sjálfar að breyta kynjaslöngunni í lyngorm?
- b. Hvað gera krakkarnir við lyngorminn?

Svör:

- a. Skuggi stýrir Hami og það er orðið augljóst að með þessu áframhaldi muni Skuggi ná yfirhöndinni og vinna stríðið.
- b. Lára nær orminum í körfu og skellir um leið lokinu yfir.

Við verðum vinir að eilífu

bls. 147

Vinahópurinn situr saman við vatnið á yndislegu sumarkvöldi. Það er komið að því að hleypa lyngorminum aftur út í náttúruna. Brjánn og Svandís eru nú par og stefna bæði á framhaldsskóla næsta haust. Sylvía og Þráinn stefna að því að búa í álfheimum en Hrafnklukka ætlar að vera áfram í mannheimum og vinna á kaffihúsinu. Púkablístran var í körfunni hjá lyngorminum og Þráinn fær hana til varðveislu. Hópurinn ákveður að halda í félagsskapinn og heita þess að verða vinir að eilífu.

Spurningar:

- a. Af hverju eru líkur til að þess að aldagömlum erjum á milli álfheima og skuggaheima sé að ljúka?
- b. Hvernig tóku álfheimar fréttunum um að Sylvía og Þráinn væru par?

Svör:

- a. Nadía er nú orðin foringi skuggaheima. Hugmyndafræði hennar og hugmyndir Kormáks falla vel saman. Líkur eru því á að sögulegt samkomulag náist fljótar en fólki grunar.
- b. Fyrst varð fréttin um Sylvíu og Þráinn hneyksli en Kormákur sló umræðuna út af borðinu og sagði að þetta væri það besta sem hefði komið fyrir álfheima öldum saman. Í fyllingu tímans muni þau mögulega stýra breyttu og sameinuðu samfélagi skugga og huldufólks.

